

**Tillögur að breytingum
á frumvarpi til laga um breyting á tollalögum, nr. 88/2005, lögum nr.
97/1987, um vörugjald, og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með
síðari breytingum, sbr. þingskjal 617 – 365. mál.**

1. brtt.

1. gr. frumvarpsins verður svohljóðandi:

I. KAFLI

Breyting á tollalögum nr. 88/2005

Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, III, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 122. gr. laganna skal fyrirkomulag gjalddaga aðflutningsgjalda, hjá aðilum sem njóta greiðslufrests á aðflutningsgjöldum, vegna uppgjörstímabila á árinu 2009 vera sem hér segir:

1. Þriðjungi af aðflutningsgjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 122. gr., skal skila eigi síðar en á 15. degi næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.
2. Þriðjungi af aðflutningsgjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 122. gr., skal skila eigi síðar en á 15. degi annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.
3. Þriðjungi af aðflutningsgjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 122. gr., skal skila eigi síðar en á 5. degi þriðja mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

2. brtt.

2. gr. frumvarpsins verður svohljóðandi:

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald

2. gr.

Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laganna skal fyrirkomulag gjalddaga vörugjalds, hjá aðilum sem skráðir eru skv. 2. mgr. 4. gr., vegna uppgjörstímabila á árinu 2009 vera sem hér segir:

1. Helmingi af vörugjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 9. gr., skal skila eigi síðar en á 28. degi annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.
2. Helmingi af vörugjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 9. gr., skal skila eigi síðar en á 28. degi þriðja mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

Athugasemdir við breytingartillöguna

Í frumvarpi fjármálaráðherra sem nú er til meðferðar í efnahags- og skattanefnd er miðað við það að beiðni um greiðsluáðlögun sé valkvæð og almennir vextir reiknist af eftirstöðvum aðflutningsgjaldum og vörugjaldum á meðan á greiðslufresti stendur fyrir þá sem óska eftir honum.

Til frekari hagsbóta fyrir atvinnurekstur í landinu er með breytingartillögu þessari lagt til að þessi vaxtareikningur verði felldur niður. Jafnframt er lagt til að í stað þess að fyrirtæki geti á hefðbundnum gjalddögum aðflutningsgjalda og vörugjalda árið 2009 valið um að greiða á hefðbundnum gjalddögum eða velja greiðsludreifingu, þá verði

greiðsludreifing hin almenna regla árið 2009 og komi hinir nýju greiðsludagar sem frumvarpið kveður á um, fyrir viðkomandi aðila, því í stað þeirra sem eru í lögum í dag, á tilgreindu tímabili. Fyrsta og önnur grein frumvarpsins verða því ekki takmarkaðar við þá aðila sem óska eftir greiðsluaðlögun, heldur nær sjálfkrafa til allra sem njóta greiðslufrests í tolli. Með slíkri reglu skapast meira jafnræði með aðilum sem að innflutningi koma og er breytingartillagan að auki til einföldunar fyrir yfirvöld tolla- og innheimtumála.

Á hinn bóginn ber að leggja á það áherslu að innheimtuákvæðum viðkomandi laga, þ.e. tollalaga nr. 88/2005 og laga nr. 97/1987, um vörugjald, verði beitt með hefðbundnum hætti standi fyrirtækin ekki við þann greiðslufrest sem þeim er veittur. Leiðir það af eðli máls og óþarft að taka það fram í viðkomandi bráðabirgðaákvæðum. Þannig segir í 123. gr. tollalaga að tollstjóri skuli “synja þeim sem nýtur heimildar til skuldfærslu aðflutningsgjalda um frekari greiðslufrest á aðflutningsgjöldum ef hann gerir ekki skil á aðflutningsgjöldum á tilskildum tíma. Jafnframt er tollstjóra heimilt að synja um frekari greiðslufrest ef sá sem hans nýtur gerir ekki skil á öðrum ríkissjóðsgjöldum en aðflutningsgjöldum á tilskildum tíma.”

Þess má geta að breytingartillaga þessi er í samræmi við umsögn Tollstjóra til efnahags- og skattanefndar, dags. 11. mars 2009, vegna frumvarpsins.